

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 7. apríl 2021.

Mál nr. 229/2021:

Sóttvarnalæknir

(Edda Björk Andradóttir lögmaður)

gegn

A

(Reimar Pétursson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Sóttvarnalög. Lögvarðir hagsmunir. Frávísun frá Landsrétti

Útdráttur

Ágreiningur málsins laut að gildi ákvörðunar S um að A skyldi dvelja í sóttkví í sóttvarnahúsi á grundvelli 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021 þar til niðurstaða úr seinni sýnatöku reyndist neikvæð, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Í úrskurði Landsréttar kom fram að S skorti lögvarða hagsmuni af því að Landsréttur leysti úr kröfu hans og var málinu því vísað frá dómi án kröfu.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 6. apríl 2021, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. apríl 2021 í málinu nr. R-[...]/2021 þar sem felld var úr gildi ákvörðun sóknaraðila um að varnaraðili skyldi dvelja í sóttkví í sóttvarnahúsi á grundvelli 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021, um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, þar til niðurstaða úr seinni sýnatöku reyndist neikvæð, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Kæruheimild er í 2. mgr. 15. gr. b sóttvarnalaga nr. 19/1997.
- 2 Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og staðfest verði ákvörðun hans um að varnaraðili skuli dvelja í sóttkví í sóttvarnahúsi samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021 þar til niðurstaða úr seinni sýnatöku reynist neikvæð, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og þóknunar til handa skipuðum talsmanni sínum vegna meðferðar málsins fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Eitt meginskilyrði fyrir því að dómstólar leysi úr sakarefni er að það skipti máli fyrir stöðu aðila að lögum að fá dóm um það. Þessi regla um nauðsyn lögvarinna hagsmuna

byggist á því að ekki verði lagt fyrir dómstóla að leysa úr málefni sem engu skiptir lagalega fyrir aðilana að fá niðurstöðu um. Kæra sóknaraðila barst Landsrétti í gær klukkan 15 en greinargerð varnaraðila í dag klukkan 14:55 og var þá fyrst hægt að úrskurða í málinu, sbr. 1. mgr. 195. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

- 5 Fyrir liggur að varnaraðili yfirgaf sóttvarnahús eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 15. gr. b sóttvarnalaga. Samkvæmt tilkynningu heilbrigðisráðuneytisins sem birtist á vef Stjórnarráðs Íslands 5. apríl síðastliðinn hefur sóknaraðili einnig brugðist við hinum kærða úrskurði með þeim hætti að þeim sem dvelja á sóttkvíarhótelum verði gerð grein fyrir því að þeim sé frjálst að ljúka sóttkví annars staðar, hafi þeir viðunandi aðstöðu til þess. Loks liggur fyrir að þeirri dvöl sem ákvörðun sóknaraðila mælti fyrir um hefði þegar verið lokið en varnaraðili gekkst undir síðari sýnatöku í morgun og reyndist niðurstaða hennar neikvæð.
- 6 Samkvæmt þessu skortir lögvarða hagsmuni af því að Landsréttur leysi nú úr kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila. Verður málinu því vísað frá dómi án kröfu.
- 7 Þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila fyrir Landsrétti, sem ákveðin verður að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Landsrétti.

Þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila, A, Reimars Péturssonar lögmanns, 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. apríl 2021

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

Krafa sú sem hér er til úrlausnar barst dómnum með tölvuskeyti á páskadag sunnudaginn 4. apríl 2021 klukkan 12:31. Sóknaraðili er sóttvarnarlæknir, [...], 101 Reykjavík og varnaraðili er A, [...], [...] Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess að staðfest verði ákvörðun hans um að A, kt. [...], [...], [...] Reykjavík, skuli dvelja í sóttkví í sóttvarnahúsi í húsnæði Fosshótel, Þórunnartúni 1, Reykjavík, þar til niðurstaða úr seinni sýnatöku liggur fyrir, sbr. 2. mgr. 15. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997.

Varnaraðili krefst þess að henni verði umsvifalaust leyft að yfirgefa sóttvarnahúsið Þórunnartúni án þess að slíkt hafi nokkra eftirmála og að henni ásamt fjölskyldu verði í staðinn leyft að fara í sóttkví í sumarbústað fjölskyldunnar í [...] ellegar að lögheimili þeirra í Reykjavík.

Þá er gerð krafa um að þóknun talsmanns verði greidd úr ríkissjóði.

Mál þetta hefur verið rekið samhliða málum um þrjár aðrar kröfur sem bárust dómnum nóttina áður en þetta mál barst um hádegisbil í gær, frá varnaraðila og fjölskyldu [...] og tveimur börnum. Málið var þingfest í gær klukkan 15:00. Við þá fyrirtöku málsins var því lýst yfir af hálfu aðila að gagnaöflun væri lokið og málið tilbúið til munnlegs flutnings. Var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum

málflutningi um kl. 19:30. Málsástæður og lagrök eru tímans vegna teknar að mestu leyti óbreyttar upp eftir kröfuskjali sóknaraðila og málsástæður og lagarök varnaraðila eru af sömu ástæðu teknar upp orðrétt eins og sjá má að Landsréttur hefur að nokkru látið óátalið í málum sem rekin eru um rannsóknarmál og um þvingunarúrræði eftir lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, en málsmeðferðartími í þessu máli og meðferð þess frá móttöku kröfuskjals og þar til úrskurður var uppkveðinn tók nokkuð mið af þeirri tilhögun. Skipaður talsmaður varnaraðila gerði enda ítarlega grein fyrir sjónarmiðum hennar við umfangsmikinn málflutning um kröfurnar sbr. framangreint til stuðnings þeirri kröfu að ákvörðun sóknaraðila yrði felld úr gildi.

Málavextir

Málavextir eru í grunninn mjög einfaldir og verða að miklu leyti raktir undir umfjöllun um málsástæður og lagarök aðila. Varnaraðili kom ásamt fjölskyldu sinni til landsins 2. apríl sl. frá [...], eftir að hafa ferðast frá heimili sínu í [...]. Við komu til Íslands var þeim gegn mótmælum gert samkvæmt fyrir mælum sóknaraðila, að fara með hópferðarþreifið til Reykjavíkur í sóttvarnarhús á grundvelli nýsettrar reglugerðar heilbrigðisráðherra nr. 355/2021, sem sett var á grundvelli sóttvarnalaga nr. 19/1997. Mótmælti varnaraðili fyrir sína hönd og fjölskyldu sinnar og gerðu kröfur um að fá að dvelja í sumarhúsi sínu eða heimili í Reykjavík á meðan á sóttkví stæði. Þessu hafnaði sóknaraðili með ákvörðun 4. apríl sl. og bar ákvörðun sína í kjölfarið undir dóminn með tölvuskeyti sama dag sbr. framangreint.

Helstu málsástæður sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi verið á ferðalagi frá skilgreindu hættusvæði í áhættu m.t.t. smits af alvarlegum smitsjúkdómi sem ógnar lýðheilsu, COVID-19 af völdum SARS-CoV-2 veiru, sem falli undir sóttvarnalög nr. 19/1997.

COVID-19 sé smitsjúkdómur af völdum kórónuveirunnar SARS-CoV-2. Þann 30. janúar 2020 hafi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lýst yfir neyðarástandi á heimsvísu vegna COVID-19 og 11. mars s.á. lýst yfir heimsfaraldri vegna farsóttarinnar. Fyrsta tilvik sjúkdómsins hafi verið greint á Íslandi þann 28. febrúar 2020, en frá því að faraldurinn hófst hér á landi hafi um 10.000 einstaklingar greinst með sjúkdóminn, um 320 verið lagðir inn á sjúkrahús, 51 lagst inn á gjörgæsludeild, 29 þurft á aðstoð öndunarvéla að halda og 29 manns látist. Auk þess glími margir við langvarandi eftirköst sjúkdómsins. Á heimsvísu hafi faraldurinn verið í uppsveiflu að undanförmu og hafi nú um 130 milljónir greinst og tæplega þrjár milljónir látist, en telja verði að tölurnar séu talsvert hærri í raun vegna vangreininga og vanskráninga víða.

Helstu einkenni COVID-19 líkjast influensúsýkingu, þ.e. hósti, hiti, hálssærindi, andþyngsli, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Jafnframt hafa margir sjúklingar orðið fyrir tapi á lyktar- og bragðskyni. COVID-19 getur valdið lífshættulegum veikindum með neðri öndunarferasýkingu, lungnabólgu, öndunarbílun, fjölkerfabilun og í mörgum tilvikum dauða. Rannsóknir á mögulegum eftirköstum sjúkdómsins og langtímaáhrifum séu hafnar en niðurstöður slíkra rannsókna liggja ekki endanlega fyrir. Ljóst sé þó að margir einstaklingar glíma við langvarandi eftirköst sjúkdómsins eins og t.d. óeðlilega þreytu, öndunarerfiðleika, hæsi, vöðvaverki, eymsli í liðum og vöðvum, höfuðverk, einbeitingarörðugleika, svefnleysi og sköddun á lungum, hjarta, nýrum eða heila og tapi á lyktar- og bragðskyni. Sjúkdómurinn sé bráðsmitandi, en smitleiðir milli einstaklinga séu snerti- og dropasmit. Þannig dreifist veiran þegar sýktur einstaklingur hóstar, hnerrar eða snýtir sér í návígi við aðra í sama rými og heilbrigðir einstaklingar anda að sér dropum/úða frá hinum sýkta. Veiran geti einnig lifað í einhvern tíma á öðrum snertiflötum þar sem droparnir lenda. Útsettir fyrir smiti séu allir þeir sem hafa umgengist sýktan einstakling eða verið innan við 1-2 metra frá sýktum einstaklingi eða snert sameiginlega snertifleti. Einstaklingar geta smitað í 1-2 daga áður en einkenni koma fram en sumir eru smitandi þrátt fyrir lítil sjúkdómseinkenni.

Á undanförmum mánuðum hafi gengið vel að halda útbreiðslu heimsfaraldursins í skefjum héraendis en aðhaldsaðgerðum hafi verið beitt innanlands ásamt markvissum skimunum á landamærum. Tvöfaldri

skimun á landamærum hafi verið beitt síðan um miðjan ágúst og hafi um 730 einstaklingar verið greindir á landamærum, þar af 530 í fyrri skimun og 200 í seinni skimun. Á sama tíma hafi um 3.500 manns greinst innanlands.

Reynslan af baráttunni gegn COVID-19 hérlendis hafi sýnt að greining smita á landamærum sé lykilatriði til að halda faraldrinum í skefjum. Þau innanlandssmit sem hafi greinst hérlendis hafi langflest verið rakin til nokkurra tuga afbrigða veirunnar sem borist hafi til landsins með ferðamönnum, og komist fram hjá þágildandi aðgerðum á landamærum og dreift sér innanlands. Þriðja bylgja faraldursins sem geisað hafi sl. haust hafi verið sem dæmi af völdum einnar undirtegundar veirunnar sem rekja hafi mátt til tveggja ferðamanna, en í þeirri bylgju hafi mörg hundruð einstaklingar sýkst, tæplega 200 voru lagðir inn á sjúkrahús og 19 létust.

Þótt líta megi svo á að vel hafi gengið hérlendis hafi faraldurinn verið í miklum vexti í flestum löndum heims, þótt oft sé beitt mun strangari sóttvarnaaðgerðum en hér. Undanfarnar vikur hafi greiningar á landamærunum leitt í ljós nýtt afbrigði af SARS-CoV-2, breska afbrigðið svokallaða. Það afbrigði hafi reynst vera mun meira smitandi en fyrri afbrigði og valdi auk þess alvarlegri sjúkdómi. Þau smit sem hafi greinst hérlendis megi í flestum tilfellum rekja til ferðamanna, sem séu búsettir á Íslandi og með íslenskar kennitölur, sem komið hafi til landsins í gildistíð þágildandi laga, þegar ferðamönnum hafi verið gert að sæta sóttkví og einangrun, alla jafna í heimahúsi, sem og tvöfaldri skimun við komuna til Íslands.

Að mati sóknaraðila hafi því verið ljóst að Ísland væri á viðkvæmum tímamarki í baráttunni gegn COVID-19. Aðgerðir á landamærunum hafi ekki verið að skila tilætluðum árangri við að koma í veg fyrir að smit bærust til landsins. Hefði það leitt til þess að ný og meira smitandi afbrigði veirunnar hefðu verið að greinast með ferðamönnum á meðan útbreiðsla bólusetninga sé ekki nægilega mikil til að skapa víðtækt ónæmi. Hefði reynslan sýnt að nóg væri að missa nokkra smitaða einstaklinga inn í landið til að setja af stað stórar hópsýkingar með alvarlegum afleiðingum.

Til að bregðast við þeirri þróun hafi verið gripið til ýmissa aðgerða til að lágmarka dreifingu veirunnar hérlendis, m.a. með reglugerð nr. 355/2021. Samkvæmt reglugerðinni sé gert ráð fyrir að sýni séu tekin af bæði börnum og fullorðum við komu til landsins, en sýnataka af börnum hafði ekki farið fram til þessa. Einstaklingum með vottorð um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 og bólusetningu gegn SARS-CoV-2 hafi verið gert að fara í eina skimun á landamærum, þar sem dæmi hafi verið um einstaklinga sem borið hafi veiruna með sér til landsins þrátt fyrir bólusetningu. Loks hafi verið sett ákvæði í 5. gr. reglugerðarinnar um að einstaklingar sem kæmu frá sérstökum áhættulöndum þar sem tíðni COVID-19 sé mjög há yrði gert að dvelja í sérstökum sóttvarnahúsum í 5 daga, þar sem unnt sé að hafa eftirlit með því að sóttkví sé fylgt, en dæmi hefðu sýnt að hópsýkingar hefðu farið af stað með alvarlegum afleiðingum vegna þess að ekki hafi verið unnt að tryggja með fullnægjandi hætti að aðilar búsettir hérlendis fylgdu reglum um sóttkví.

Varnaraðili sé vegna ferðalags frá hættusvæði í áhættu m.t.t. smits af alvarlegum smitsjúkdómi sem ógni lýðheilsu, COVID-19 af völdum SARS-CoV-2 veiru, sem falli undir sóttvarnalög nr. 19/1997. Við komu til landsins frá [...] þann 2. apríl sl. hafi varnaraðili, eins og öðrum ferðamönnum sem komið hafi frá sama landi, verið skyldaður í 5 daga sóttkví í sóttvarnahúsinu á Fosshótel Reykjavík samkvæmt fyrirmælum 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021, sem sett sé á grundvelli 13. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 m.s.br. meðan gengið yrði úr skugga um smit eða smitleysi, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Hafi málið sætt meðferð skv. 14. gr. laganna og eftir að varnaraðili hafi lýst sig ósáttan með að fara í sóttkví í sóttvarnahúsi hafi verið tekin stjórnvaldsákvörðun, sbr. 2. málsl. 5. mgr. 14. gr., um að hún skyldi sæta sóttkví í sóttvarnahúsi á grundvelli 4. mgr. 13. gr. og 2., 3. og 5. mgr. 14. gr. laga nr. 19/1997.

Af tölvubréfi lögmans varnaraðila frá 3. apríl, sé ljóst að óskað hafi verið eftir því að ákvörðun sóttvarnalæknis um sóttkví í sóttvarnahúsi yrði borin undir dóm, sbr. 2. mgr. 15. gr. sóttvarnalaga, og

krefjist sóttvarnalæknir því þess nú að ákvörðun hans verði staðfest en sóttvarnalæknir er sóknaraðili í málinu, sbr. 3. mgr. 15. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997.

Krafa sóknaraðila um staðfestingu á ákvörðun um að varnaraðili, B, skuli dvelja í sóttkví í sóttvarnahúsi í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021 þar til niðurstaða úr seinni sýnatöku reynist neikvæð, sbr. 2. mgr. 4. gr. tilvitnaðrar reglugerðar, grundvallist á 15. gr. sóttvarnalaga m.s.br., sbr. einnig 13. gr. laganna, og 5. gr. reglugerðar 355/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19. Í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 355/2021 skuli framkvæma seinni sýnatöku til greiningar á SARS-CoV-2 veirunni 5 dögum eftir komu til landsins. Sé miðað við að dvöl í sóttvarnahúsi vari ekki í lengri tíma en taki að fá niðurstöðu úr seinni sýnatöku eða 5 daga, en reynist sýni úr seinni sýnatöku neikvætt sé ferðamanni ekki lengur skylt að sæta sóttkví. Reynist ferðamaður hins vegar vera með COVID-19 skuli hann sæta einangrun þar til henni er aflétt, sbr. nánar 5. og 11. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021 skuli ferðamaður, sem kemur frá eða hefur dvalið í meira en sólarhring á síðastliðnum 14 dögum á svæði þar sem 14 daga nýgengi smita á hverja 100.000 íbúa er yfir 500 eða fullnægjandi upplýsingar um svæðið liggja ekki fyrir (dökkrauð eða grá svæði samkvæmt upplýsingum frá Sóttvarnastofnun Evrópu), dvelja í sóttkví eða einangrun í sóttvarnahúsi. Samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að miða allt landið við það svæði þar sem nýgengisér hæst. Í fylgiskjali 3 við reglugerðina sé listi sóttvarnalæknis yfir svæði sem falli undir 5. gr. og er [...] á þeim lista.

Ákvæði 5. gr. um almenna skyldu til dvalar í sóttvarnahúsi með þeim hætti sem kröfugerð sóttvarnalæknis lúti að, sæki stoð sína í 13. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, eins og þeim var breytt með lögum nr. 2/2021. Nánar tiltekið geti ráðherra samkvæmt 4. mgr. 13. gr. kveðið á um það í reglugerð, ef vísbendingar eru um að lýðheilsa sé í yfirvofandi hættu, að ferðamenn skuli undirgangast ráðstafanir sem varna útbreiðslu sjúkdóma, þ.m.t. einangrun, *sóttkví*, vöktun og sjúkdómsskimun. Sé jafnframt í 5. mgr. 13. gr. kveðið á um heimild til að beita fleiri en einni ráðstöfun samtímis til að bregðast við tiltekinni hættu eða bráðri ógn við lýðheilsu, óháð því hvort grunur leiki á um að einstaklingur hafi orðið fyrir smiti. Framangreind ákvæði 13. gr. kveði skýrlega á um heimildir til að beita sóttkví og einangrun til þess að bregðast við yfirvofandi hættu gegn heilsu almennings og fela ráðherra að setja nánari ákvæði í reglugerð, þar sem mælt sé fyrir um tímabundna vistun ferðamanna sem koma frá tilteknum hættusvæðum í sóttvarnahúsi, til þess að varna útbreiðslu COVID-19 og til að vernda lýðheilsu. Um málsmeðferð fari hins vegar samkvæmt 14. gr. laganna, sbr. lokamálslið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

COVID-19 faraldurinn hafi verið í miklum vexti víða í Evrópu og ný afbrigði veirunnar (m.a. breska afbrigðið) valdið yfirvöldum áhyggjum enda séu þau meira smitandi, valdi alvarlegum veikindum og séu í einhverjum tilvikum með þeim hætti að bóluefni virki síður á þau og/eða ónæmi vegna fyrri sýkingar. Fyrir setningu reglugerðar nr. 355/2021 hefðu komið upp nokkrar hópsýkingar þar sem einstaklingar hafi greinst með hið svokallaða breska afbrigði SARS-CoV-2. Mörg smitin hafi verið rakin til ferðamanna, búsettra héraendis og með íslenskar kennitölur, sem komið hafi til landsins í tíð eldri reglugerða en virðist ekki hafa fylgt þágildandi reglum um sóttkví við komu til landsins. Fjölgun þessara smita utan sóttkvíar hafi gefið skýra vísbendingu um að lýðheilsa væri í yfirvofandi hættu, sbr. 4. mgr. 13. gr., auk þess sem jafnframt hafi verið um að ræða tiltekna og bráða ógn við lýðheilsu, sbr. 5. mgr. 13. gr. laga nr. 19/1997. Verði því að telja ljóst að ráðherra hafi haft heimild til að kveða á um frekari ráðstafanir til verndar lýðheilsu í reglugerð nr. 355/2021 og til að koma í veg fyrir útbreiðslu nýrra afbrigða SARS-CoV-2 veirunnar.

Að mati sóknaraðila sé tilgangur þeirra aðgerða, sem kveðið sé á um í 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021, lögmætur og í samræmi við meðalhóf. Með reglugerðinni sé verið að bregðast við yfirvofandi hættu af nýrri bylgju COVID-19 faraldursins og þannig vernda lýðheilsu. Þau afbrigði sem hafi greinst nýlega og séu rakin til ferðamanna, séu töluvert meira smitandi en áður og sé því brýnt að bregðast við með skjóttum hætti til þess að afstýra nýrri bylgju. Fyrir gildistöku reglugerðar nr. 355/2021 hafi komufarþegar þurft að

sæta svokallaðri heimasóttkví, en sóttkví við komuna til landsins sé liður í afkvíun landsins alls, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 19/1997. Heimasóttkví sé vægara úrræði til afkvíunar en t.d. vistun í sóttvarnahúsi sem ráðherra hafi verið heimilt að mæla fyrir um, væri það talið geta komið nægjanlega að notum við sóttvarnir miðað við aðstæður, sbr. athugasemdir við 11. gr. frumvarps til laga nr. 2/2021. Ljóst sé hins vegar að það úrræði hafi ekki borið tilskilinn árangur, þar sem nýleg dæmi sýni að helsta ástæða þess að hópsýkingar og nýjar smitbylgjur hafa farið af stað innanlands, er fyrst og fremst sú að heimasóttkví hafi ekki þjónað því markmiði að takmarka smitdreifingu viðkomandi. Því hafi reynst nauðsynlegt nú að grípa til strangari ráðstafana og hafi 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021 verið sett til þess að tryggja vernd gegn því að frekari smit bærust frá tilgreindum hættusvæðum. Af þeirri ástæðu, og til að gæta jafnræðis, sé kveðið á um að allir komufarþegar frá tilgreindum hættusvæðum, eins og þau séu nánar skilgreind í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. einnig fylgiskjal 3 með henni, skuli sæta sóttkví í sóttvarnahúsi, óháð þjóðerni. Af lögskýringagögnum með sóttvarnalögum, sbr. breytingarlög nr. 2/2021, verði ráðið að ætlun löggjafans hafi verið að veita ráðherra og sóttvarnalækni tiltekið svigrúm við mat á því hvernig tilhögun sóttkví sé ráðið til lykta, s.s. heimasóttkví, vinnusóttkví eða annað, og að hugtakið „sóttvarnahús“ í 13. tl. 1. gr. laga nr. 19/1997 feli ekki í sér tæmandi talningu á þeim tilfellum þar sem yfirvöldum sé heimild að nota sóttvarnahús, eins og jafnframt megi ráða af heildarlestri sóttvarnalaga, sbr. t.d. 5. mgr. 14. gr. laga nr. 19/1997.

Þó fallast megi á að aðgerðir skv. 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021 feli í sér frelsisskerðingu telur sóknaraðili ljóst af framangreindu að um sé að ræða lögmætar aðgerðir, sem byggist á heimild í lögum og fari því ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Séu þær auk þess settar til verndar heilsu almennings gegn hættunni af COVID-19 faraldrinum, en vísist í því sambandi til þess að íslenska ríkið beri tilteknar jákvæðar skyldur til að tryggja almannaeill skv. 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, og sé því heimilt að beita lögmætum aðgerðum sem takmarki stjórnarskrárvarin réttindi til þess að verjast ógn gegn almannaeill, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 467/2015. Enn fremur telur sóknaraðili að ákvæði a.-c. liðar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021, sem takmarki samvistir ferðamanns á meðan dvölin vari, séu nauðsynlegar til þess að tryggja að viðkomandi fylgi sóttkví á tímabilinu og komi í veg fyrir útbreiðslu veirunnar.

Að mati ráðherra og sóknaraðila gangi umræddar aðgerðir ekki lengra en nauðsynlegt sé til að hefta útbreiðslu COVID-19 faraldursins og vernda lýðheilsu. Vistunin vari ekki lengur en nauðsynlegt sé til að ljúka sýnatöku af varnaraðila, eða í 5 daga með þeim fyrirvara þó að einangrun taki við reynist viðkomandi vera með COVID-19. Aðgerðirnar séu að auki ekki of víðtækar, en þær takmarkist skv. 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021 við þau lönd þar sem mikil hætta sé af farsótt erlendis, sbr. fylgiskjal 3 við reglugerð nr. 355/2021. Eðlilegt sé að mati sóknaraðila að miða við það svæði þar sem nýgengi sé hæst í staðinn fyrir að miða við smittíðni í hlutaðeigandi landshluta, þar sem ógerningur sé að ganga úr skugga um að smit berist ekki milli landshluta í brottfaralandinu. Enn fremur sé í 10. gr. reglugerðarinnar mælt fyrir um heimild sóttvarnalæknis til að veita undanþágu frá sóttkví, s.s. vegna sérstakra aðstæðna enda sé tryggt að það komi ekki niður á smitvörnum. Varnaraðili hafi ekki sótt um slíka undanþágu.

Um gjaldtökuheimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 19/1997, en um sé að ræða gjald fyrir heilbrigðisráðstöfun á grundvelli 13. gr. laganna. Skilyrði fyrir innheimtu slíks gjalds sé að yfirvofandi og bráð ógn sé við lýðheilsu, en með vísan til fyrri umfjöllunar telji sóknaraðili ljóst að svo sé.

Með hliðsjón af framanrituðu, gögnum málsins og aðstæðum öllum að öðru leyti verði að telja að sóttkví í sóttvarnahúsi sé nauðsynleg í tilviki varnaraðila til að fyrirbyggja útbreiðslu smitunar sem ógnað geti öðrum einstaklingum og velferð almennings.

Málsástæður og rök varnaraðila

„Við [...], B (kt. [...]) og A (kt. [...]) óskum hér með eftir því, fyrir hönd okkar [...] og fyrir hönd barna okkar (C, kt. [...], og D, kt. [...]), að okkur hjónunum og börnunum okkar tveimur verði umsvifalaust leyft

að yfirgefa sóttvarnarhúsið Þórunnartúni án þess að slíkt hafi nokkra eftirmála (s.s. sektir, ásakanir um brot á sóttvörnum eða annað í þá veru). Við förum fram á að okkur verði í staðinn leyft að fara í sóttkví í sumarbústað fjölskyldunnar í [...] ellegar að lögheimili okkar í Reykjavík.

Við heitum því við drengskap okkar að hér eftir sem endranær munum við í einu og öllu fara að sóttvarnartilmælum stjórnvalda. Við teljum að dæmin sanni að okkur sé treystandi til að fara í hvívetna að sóttvarnarlögum og fyrirmælum er varða sóttkví. Við höfum áður verið í sóttkví að heimili okkar í Reykjavík síðan kórónaveiran kom til sögunnar (A í tvígang og B í þrígang) og aldrei hafa nein brot, vandræði eða smit komið upp því tengdu.

Dvöl okkar hér að Þórunnartúni er gegn okkar vilja og samþykki. Að okkar mati er þessi ráðstöfun óásættanlegt inngríp í frelsi okkar og fjölskyldulíf og brýtur gegn réttindum barna. Hér má enginn fara út undir bert loft og fjölskyldunni gert að vera í litlu afmörkuðu rými án þess að komast út (við erum í tveimur samliggjandi herbergjum, hvort með pínulitlum rafmagnslugga). Auk þess höfum við engar haldbærar upplýsingar fengið um hvernig við getum fengið þessari ákvörðun um innilokun í Þórunnartúni hnekk.

Við teljum meðal annars að:

Innilokun okkar hér sé ólöglegt og meðalhófs hafi ekki verið gætt;

Ákvörðunin um innilokun okkar hér fari út fyrir eðlilegar valdheimildir stjórnvalda;

Hugsanlega sé brotið á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegum réttindum barna með því að taka ekkert tillit til hagsmuna, þarfa og/eða líðan barna með þessari ráðstöfun. Frelsissvipting og/eða innilokun barna á að vera algjör undantekning í skýrum og einstaklingsbundnum neyðartilvikum en ekki sjálfkrafa og kerfisbundin aðgerð eins og í þessu tilfelli (að því er virðist byggt á meðaltali smita í landinu sem við komum frá á meðan svæðið sem við búum á í [...] ([...]) er undir viðmiðunum, eða um 300). Fyrir börn er sóttkví í sumarbústað eða á eigin heimili allt önnur og betri upplifun.

Ákvörðunin taki ekkert tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna okkar, hvorki sem einstaklinga (barna sem fullorðinna) né sem fjölskyldu sem á heimili á Íslandi;

Markmiðum sóttvarnaaðgerða og sóttkvíar hefði í okkar tilliti auðveldlega verið hægt að ná fullkomlega með mildari aðgerð og með fullu samþykki okkar og samvinnu, þ.e. að við séum í sóttkví og einangrun í sumarbústað á eigin kostnað eða heima hjá okkur.

Þá hefur upplýsingagjöf um tilhögun þessa sóttvarnarhúss verið alvarlega ábótavant. Við höfum ekki fengið neitt upplýsingablað í hendur um hvernig við getum fengið þessari ákvörðun hnekk og komist héðan út. Upplýsingarnar sem við fengum á Keflavíkurflugvelli varðandi þetta atriði voru þær að senda beiðni í gegnum „spjallið“ á COVID-heimasíðunni. Þegar í Þórunnartún var komið sáum við að sérstaklega er tekið fram á síðunni að þjónustan liggur niðri yfir páskana! Þrátt fyrir það sendum við þangað beiðni um að vera sleppt héðan og fylgdum þannig þeim einu leiðbeiningum sem okkur hafa verið gefnar í þessum efnum. Við höfum ítrekað farið fram á að fá frekari upplýsingar frá því að við komum hingað í Þórunnartún í gær og aftur í morgun um hvernig við getum komist héðan út án eftirmála en engin svör verið gefin. Okkur hefur verið sagt frá því í gærkvöldi af mjög svo vinsamlegu starfsfólki Rauða krossins að við eigum von á símtali með frekari upplýsingum en síminn hefur ekki hringt.

Að auki við ofangreint teljum við að við séum í reynd sett í *meiri* smithættu hér í sóttvarnarhúsinu (og í rútunni á leiðinni hingað) heldur en ef við værum einangruð uppi í sumarbústað. Við lesum á netmiðlum að í sóttvarnarhúsinu séu staðfest smit. Hér kemur starfsfólk með matarbakka, hér kom starfsfólk að tékka á klóaklykt í herberginu og fleiru, og hér fer starfsfólk væntanlega á milli fleiri herbergja en okkar. Slík umgengni við annað fólk og slíkir snertifletir við aðra ættu sér ekki stað ef við værum uppi í sumarbústað eða heima hjá okkur. Ef eitt okkar hér verður greint með kórónuveiruna í annarri skimun er ekki útlokað að við höfum smitast hér í þessum aðgerðum frekar en að það hafi gerst í einangrun okkar í [...].

Við fjölskyldan erum búsett í tveimur löndum, [...] og Íslandi, en við erum með lögheimili á Íslandi (Reykjavík) og höfum auk þess aðgang að sumarbústað fjölskyldunnar í [...]. A er [...] og er í launuðu starfi á Íslandi sem [...]. Hún starfaði m.a. á [...] stærstan hluta síðasta árs á meðan kórónuveirufaraldurinn stóð sem hæst. Það gefur auga leið að sem [...] tekur hún ábyrgð sína og skyldur er varða sóttkví og sóttvarnir afar alvarlega, ekki bara í sínu eigin tilfalli heldur í tilfalli okkar fjölskyldunnar allrar. A er sem sagt hingað komin til að vinna vinnuna sína sem [...]. Eins og framan greinir hefur A tvívegis verið í sóttkví að heimili okkar í Reykjavík síðastliðið ár (ásamt börnunum) og B í þrígang (tvívegis á síðasta ári og einu sinni á þessu ári) án nokkurra vandkvæða.

Að morgni dags 2. apríl 2021 tókum við lest frá heimili okkar í [...] til flugvallarins í [...]. Með í för var neikvætt PCR-próf okkar allra dagsett 1. apríl 2021. Við lentum á Keflavíkurflugvelli frá [...] í gærðag og fórum þá öll í annað PCR-próf. Landamæravörðurinn var afar vinsamlegur en tjáði okkur að við yrðum að fara í sóttvarnarhús þar sem við værum að koma frá [...]. Við sögðumst ekki vilja fara í sóttvarnarhúsið þar sem við gætum einfaldlega farið heim til okkar í sóttkví eins og við hefðum áður gert. Við spurðum hverjar yrðu afleiðingarnar af því að fara ekki í sóttvarnarhúsið og var tjáð að það yrði 250 þúsund króna sekt en á reiki var hvort slíkt yrði á hvern fullorðinn eða á fjölskyldu. Þá var okkur tjáð að einnig mundi vera lögregluettirlit með okkur og/eða lögregluheimsóknir í sóttkví í heimahúsi. Við ítrekuðum að við vildum ekki fara í sóttvarnarhúsið en heldur ekki brjóta gegn fyrirmælum stjórnvalda og eiga á hættu að borga 250-500 þúsund. Við ítrekuðum að okkur væri fullkomlega treystandi til að halda uppi sóttvörnum og sóttkví í sumarbústað eða heima hjá okkur og fara í einu og öllu að tilmælum yfirvalda. Við spurðum hvernig væri hægt að fá þessari ákvörðun hnekk t í okkar tilfalli, hvort ekki væri hægt að gera það þarna strax á staðnum, og ef ekki hvert ætti að leita til að koma í veg fyrir að þurfa að fara í sóttvarnarhúsið ellegar sæta sekt. Okkur var þá eindregið sagt að fara í sóttvarnarhúsið og þegar þangað kæmi gætum við farið á „spjallið“ á COVID-heimasíðunni og beðið um úrlausn okkar mála þar. Þetta væri líklegast til árangurs og með þessum hætti yrði helst á okkur hlustað.

Á þessum tímapunkti voru börnin okkur orðin óörugg og dóttir okkar grátbað okkur um að koma heim auk þess sem landamæravörðurinn benti okkur á að það væri röð á eftir okkur og við yrðum að halda áfram. Okkur var beint upp í rútu en áður en við fórum upp í rútna stöðvaði ég lögreglumann úti við og bað um að því yrði skýrt komið á framfæri að við mótmæltum þessari ráðstöfun eindregið, þetta væri gegn okkar vilja og að við færum fram á að bundinn yrði endir á innlokun okkar í sóttvarnarhúsi hið allra fyrsta. Auk þess spurðum við hvort í það minnsta væri leyfilegt fyrir börnin að fara út undir bert loft í sóttvarnarhúsinu og var tjáð að já það væri búið að finna leiðir til þess ólíkt því sem hefði verið ætlunin í fyrstu. Þá var okkur beint upp í rútu þar sem við vorum saman með öðrum farþegum frá svæðum sem voru skilgreind sem áhættusvæði. Þegar að Þórunnartúni var komið var rútan stoppuð en enginn fékk að fara út strax heldur kom kona upp í rútna og sagði að það væri skýr krafa frá stjórnvöldum að enginn mætti fara út af sínu herbergi, ekki heldur börn.

Sem fjögurra manna fjölskylda var okkur úthlutað tveimur litlum samliggjandi hótélherbergjum (innangengt á milli). Þegar við komum inn á herbergin var stæk klóaklykt en okkur sagt af afskaplega elskulegum ungum manni í sóttvarnarbúning að það væri etv. ekki óeðlilegt þar sem herbergin hefðu ekki verið notuð svo lengi. Við létum renna vatn í niðurföllin en nú vitum við ekki hvort lyktin er farin eða hvort við erum orðin henni samdauna. Hér eru ekki sivalir en einn lítill rafmagnsgluggi í hvoru herbergi.

Við búum í [...] (aук Reykjavíkur). Það tiltekna svæði í [...] hefur ekki verið skilgreint dökkrautt og eftir því sem við komumst næst er tíðni smita í síðustu viku í okkar héraði [...] /100.000 (þ.e. dagana 22.-28. mars í [...]). Það hefur verið útgöngubann á okkar svæði frá kl. 7 á morgnana til kl. 18 á daginn og félagslíf þar af leiðandi mjög takmarkað. Íslenskum stjórnvöldum hefði verið í lófa lagið að taka okkar tilteknu aðstæður til greina og sjá í hendi sér að við gætum og mundum uppfylla sóttvarnir og halda sóttkví í sumarbústað eða heima hjá okkur í hvívetna. Þeim hefði einnig verið í lófa lagið að halda í heiðri réttindum

barna sérstaklega en þeirra hagsmunir og þarfir skulu ávallt vera í öndvegi í öllum ákvörðunum er þau varða. Slíkt hefur í engu verið sinnt í þessum efnunum.

Við óskum hér með eftir því að fjölskyldunni sé umsvifalaust sleppt úr þessari óþörfu innilokun. Við munum í hvívetna halda sóttkví í heiðri og framfylgja sóttvörnum og fyrirmælum yfirvalda hér eftir sem hingað til.“

Lögmaður varnaraðila gerði sbr. framangreint ítarlega grein fyrir sjónarmiðum henna og annarra fjölskyldumeðlima við munnlegan málflutning í málinu og færði fram lagrök studd hliðsjónargögnum, fyrir því að fella bæri ákvörðun sóknaraðila úr gildi.

Niðurstaða

Svo sem áður greinir kom varnaraðili ásamt [...] og tveimur börnum frá [...] til landsins með flugi 2. apríl sl. og var þá flutt fljótlega eftir komu, ásamt fjölskyldu sinni, með hópferðabíl á vegum embættis sóttvarnalæknis, til dvalar í sóttvarnahúsi í húsnaði Fosshótels við Þórunnartún 1, Reykjavík, á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19. Eftir að varnaraðili mótmælti þessari málsmeðferð, þá dveljandi í framangreindu húsnaði í Reykjavík, tók sóknaraðili ákvörðun um að hún ásamt fjölskyldu sinni, skyldi dveljast þar áfram. Eins og málið liggur endanlega fyrir dóminum er einungis deilt um lögmati þeirrar ákvörðunar sóknaraðila. Þá er samkomulag um að lítið skuli svo á að málið sé borið upp fyrir dóminum að kröfu sóknaraðila.

Krafa sú sem hér er til úrlausnar barst dómnum aðfaranótt sunnudagsins 4. apríl 2021 klukkan 00:40, en mál þetta er rekið samhliða málum um tvær aðrar kröfur sem bárust dómnum sömu nótt og málum um fjórar kröfur til viðbótar sem bárust dómnum á hádegi í gær, þar með talin þessi. Málið var þingfest í gær klukkan 15:00. Við þá fyrirtöku málsins var því lýst yfir af hálfu aðila að gagnaöflun væri lokið og málið tilbúið til munnlegs flutnings. Var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um kl. 19:30.

Ágreiningslaust er þannig með aðilum málsins að um málsmeðferð skuli farið eftir sóttvarnlögum nr. 19/1997 eins og þau birtast eftir nokkuð umfangsmikla breytingu sem gerð var á þeim með lögum nr. 2/2021. Í 2. mgr. 15. gr. laganna er kveðið á um það efnislega að óski málsaðili eftir því að ákvörðun lík þeirri sem hér er til umfjöllunar verði borin undir dóm skuli sóttvarnalæknir þá svo fljótt sem verða má setja fram skriflega kröfu um staðfestingu á gildi hennar og afhenda hana dómstjóra héraðsdóms í þinghá þar sem málsaðili dvelst þegar ákvörðun er tekin.

Því hefur því verið hreyft í málinu að ákvörðun um dvöl varnaraðila í sóttvarnahúsi hafi í raun verið tekin strax við komu hans til landsins. Sú ákvörðun hafi byggst á þeim almennu stjórnvaldsfyrirmælum sem birtast í fyrrgreindri reglugerð nr. 355/2021, á þá leið að ferðamenn sem koma til landsins skuli að uppfylltum ákveðnum skilyrðum dveljast í sóttkví eða einangrun í sóttvarnahúsi, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Í því sambandi skipti máli að sumir farþegar geti framvísað skilríkjum á landamærunum sem leiða til þess að þeir verða ekki sendir í sóttvarnahús. Fari þannig ákveðin flokkun fram við landamærin af hálfu stjórnvalda. Hvað sem þessu líður verður í tilviki varnaraðila að líta svo á að ágreiningur um dvöl hennar í sóttvarnahúsi hafi fyrst komið upp þegar hún lýsti sig formlega andsnúna dvölinni og krafðist lausnar úr henni, en í framhaldi af því tók sóknaraðili þá ákvörðun sem hér er til úrlausnar. Samkvæmt þessu verður lagt til grundvallar að málið sé réttilega rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 19/1997.

I.

Með lögum nr. 19/1997, eins og þeim hefur síðar verið breytt, eru stjórnvöldum veittar rúmar heimildir til að mæla fyrir um víðtækar ráðstafanir í þjóðfélaginu þegar hætta er á farsóttum innanlands, til eða frá

Íslandi, eða hættu telst á útbreiðslu smits frá einstaklingum, sbr. einkum IV. kafla laganna. Lögin eiga sér skírskotun til alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar sem íslenska ríkið er bundið við að þjóðarétti en með breytingarlögum nr. 43/2007 var gildissvið nr. 19/1997 fært til samræmis við reglugerðina. Lögjöfin endurspeglar þannig einnig þjóðréttarlega skuldbindingu íslenska ríkisins þess efnis að hindra, vernda gegn og hafa hemil á útbreiðslu sjúkdóma meðal þjóða heims, með sóttvarnaráðstöfunum. Samkvæmt lögnum er ráðgert að til framangreindra ráðstafana sé jafnan gripið á grundvelli tillagna frá sóttvarnalækni, sem ber samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna ábyrgð á sóttvörnum í landinu, en embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd þeirra mála undir yfirstjórn ráðherra samkvæmt 1. mgr. sömu greinar. Ljóst er að þær ráðstafanir stjórnvalda sem hér er um að ræða eru íþyngjandi. Gildir því um þær sú grunnregla íslenskrar stjórnskipunar að þær verða að eiga sér stoð í lögum og mega ekki ganga gegn lögum, þ. á m. ákvæðum stjórnarskrár. Sömuleiðis gildir um þær sú grunnregla að þær verða að vera til þess fallnar að þjóna markmiðum sínum og mega ekki ganga lengra en nauðsynlegt er í því tilliti. Þá ber stjórnvöldum, hér sem endranær, að virða skráðar og óskráðar reglur um jafnræði borgaranna.

Stjórnarskrá Lýðveldisins veitir í VII. kafla, borgurum víðtæka vernd gegn því að frelsi þeirra í víðum skilningi verði skert, sbr. hér einkum 4. mgr. 66. gr., 67. gr. og 1. og 3. mgr. 75. gr. Þessi réttindi eru einnig vernduð af ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. samnefnd lög nr. 62/1992. Af öllu þessu leiðir að gerðar verða kröfur til þess að lög Alþingis, sem fela í sér skerðingar á frelsi manna, séu skýr. Af þessu leiðir einnig að gera verður ríkar kröfur til þeirra heimilda sem stjórnvöldum eru fengnar að þessu leyti með almennum lögum.

II.

Alkunna er að farsótt hefur herjað á heimsbyggðina frá ársbyrjun 2020. Í kröfuskjali sóknaraðila til dómsins er ástandinu lýst með svofelldum hætti:

„COVID-19 er smitsjúkdómur af völdum kórónuveirunnar SARS-CoV-2. Þann 30. janúar 2020 lýsti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin yfir neyðarástandi á heimsvísu vegna COVID-19 og 11. mars s.á. lýsti stofnunin yfir heimsfaraldri vegna farsóttarinnar. Fyrsta tilvik sjúkdómsins var greint á Íslandi þann 28. febrúar 2020, en frá því að faraldurinn hófst hér á landi hafa um 10.000 einstaklingar greinst með sjúkdóminn, um 320 verið lagðir inn á sjúkrahús, 51 lagst inn á gjörgæsludeild, 29 þurft á aðstoð öndunarvéla að halda og 29 manns látist. Auk þess glíma margir við langvarandi eftirköst sjúkdómsins. Á heimsvísu hefur faraldurinn verið í uppsveiflu að undanförunni og hafa nú um 130 milljónir greinst og tæplega þrjár milljónir látist, en telja verður að tölurnar séu talsvert hærri í raun vegna vangreininga og vanskráninga víða.“

Að mati dómsins er hafið yfir vafa að stjórnvöld höfðu brýnt tilefni til að grípa til sóttvarnaráðstafana og hafa það enn. Hins vegar fellur það utan sakarefnis málsins að leggja mat á hvort aðgerðir sóttvarnaryfirvalda hafi nú eða fyrr verið réttar og skynsamlegar eða jafnvel of víðtækar almennt sé eins og málatilbúnaður varnaraðila hefur að nokkru byggst á. Kemur því einungis til skoðunar hvort skilyrði séu að lögum til að skylda varnaraðila til fyrrgreindrar dvalar í sóttvarnahúsi.

Af hálfu sóknaraðila hefur verið lögð áhersla á að þær aðgerðir sem hér er deilt um séu tilkomnar einkum vegna þess að almenningur hefði í ýmsum tilvikum ekki virt fyrirsmáli um sóttkví. Þannig væri úrræðið, þ.e. að skylda fólk til dvalar í svokölluðu sóttvarnahúsi á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021, ráðstöfun sem tryggði betur eftirlit með þeim sem dveldust í sóttkví hverju sinni. Samkvæmt þessu er markmið þeirra aðgerða sem hér er um ræðir skýrt, það er að sporna við því að farsóttin nái útbreiðslu hér á landi. Fer ekki á milli mála að það markmið helgast af almannahagsmunum og er lögmætt. Brýnir hagsmunir einstaklinga og þá einnig réttindi, sem undir venjulegum kringumstæðum eru varin af stjórnarskrá, verða undir öðrum kringumstæðum að víkja þegar almannahagsmunir krefjast þess, og aðgerðum er ætlað að vernda heilsu eða réttindi annarra en þeirra, sem verða fyrir því að réttindi þeirra eru

skert. Þessi sjónarmið sækja skýra stoð í mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. framangreint. Í þeim efnum verður hér vísað til e-liðar 1. mgr. 5. gr. og 8. gr. samningsins sem og niðurlags 2. gr. í samningsviðauka nr. 4 við samninginn. Þá er heimilt undir vissum kringumstæðum að skerða réttindi einstaklinga sem tryggð eru í EES-samningnum, sbr. lög nr. 2/1993, með opinberum sóttvarnaráðstöfunum.

Í þessu sambandi athugast að enginn ágreiningur er í málinu um að varnaraðili skuli sæta sóttkví hér á landi, hvað sem líður umræddum grundvallarréttindum hans. Er því einungis um að ræða mótmæli varnaraðila við því að hann sæti sóttkví í umræddu sóttvarnahúsi í stað þess að fá að velja sér sjálfur stað sem uppfylli almenn skilyrði sem sóttvarnalæknir hefur sett í því efni.

Þá er ekki ágreiningur með aðilum um að ákvörðun um að gera varnaraðila að dveljast í sóttvarnahúsi er byggð á 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021, sem birt var 31. mars sl. og tók gildi á skírdag 1. apríl sl. Er þar um að ræða ákvæði sem sérstaklega er beint að ferðamönnum sem koma til landsins. Er óhjákvæmilegt að líta svo á að um ferðamenn gildi strangari reglur heldur en um þá sem sannanlega hafa umgengist smitaða einstaklinga, en þeir síðargreindu sæta einungis heimasóttkví samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar. Ferðamönnum er hins vegar, samkvæmt 5. gr., þ.e. ef þeir falla inn í þann hóp sem þar er skilgreindur, skylt að dvelja í sóttkví eða einangrun og sú dvöl skal vera í sóttvarnahúsi. Ekki er um það deilt að sóttvarnayfirvöld telja dvalarstað varnaraðila, sem er hótél sem stjórnvöld hafa tekið til afnota í þessum tilgangi, vera slíkt sóttvarnahús.

III.

Í lögum nr. 19/1997, eins og þeim var breytt með lögum nr. 2/2021, er sóttvarnahús skilgreint sem: „Staður þar sem einstaklingur, sem ekki á samastað á Íslandi eða getur að öðrum sökum ekki eða vill ekki einangra sig í húsnaði á eigin vegum, getur verið í sóttkví eða einangrun vegna gruns um að hann sé smitaður af farsótt eða ef staðfest er að svo sé.“ Að virtum aðstæðum varnaraðila í máli þessu verður með engu móti séð að hann falli undir framangreinda skilgreiningu. Hefur því ekki verið mótmælt að varnaraðili, sem á lögheimili á Íslandi, hafi sannanlega í hús að venda og sé viljugur til að vera í sóttkví heima hjá sér eða eftir atvikum á öðrum stað sem uppfyllir skilyrði heimasóttkvíar. Það athugast að framangreind skilgreining laganna kom til í meðförum Alþingis á því frumvarpi sem varð að lögum nr. 2/2021. Byggir skilgreiningin þannig á nefndaráliti frá velferðarnefnd þingsins sem lagði hana til, einkum í þágu meðalhófs. Ásamt því að leggja til téða skilgreiningu á sóttvarnahúsi lagði nefndin til að bætt yrði við 5. gr. laganna sérstakri heimild til handa sóknaraðila um að opna sóttvarnahús á vegum stjórnvalda eins og þörf þykir vegna farsótt. Báðar þessar tillögur rötuðu inn í frumvarpið og urðu að núgildandi lögum. Óhjákvæmilegt er að líta svo á að sú heimild sem sóknaraðila var veitt samkvæmt lögnum sé bundin við sóttvarnahús í umræddum skilningi laganna enda leiða hvorki lögskýringargögn né viðurkennd lögskýringarsjónarmið til annarrar niðurstöðu.

Þótt sú frelsisskerðing sem felst í dvöl í sóttvarnahúsi sé að vissu leyti sambærileg þeirri sem felst í heimasóttkví verður af ýmsum, sumpart augljósum, ástæðum að telja dvöl þar þungbærari en dvöl í heimahúsi. Gildir þá einu þótt viðurlög við því að brjóta gegn sóttkví séu hin sömu hvort sem um heimasóttkví ræðir eða sóttkví í sóttvarnahúsi. Með hliðsjón af kröfum um meðalhóf og fyrrgreindum reglum um jafnræði borgaranna var því brýnt að skýr heimild væri til þeirrar ráðstöfunar sem hér um ræðir í tilviki þeirra sem eiga hér heimili og geta sætt heimasóttkví með sambærilegum hætti og aðrir landsmenn.

Til sanns vegar má færa að sjálf ákvörðun sóttvarnalæknis eigi sér stoð í því reglugerðarákvæði sem hún er byggð á eins og það er orðað. Að öllu framangreindu virtu er það hins vegar niðurstaða dómsins að þetta ákvæði reglugerðarinnar sem um ræðir skorti lagastoð og þar með umrædd ákvörðun sóknaraðila sem hafi þá gengið lengra en lögin heimila. Ákvæði 4. mgr. 13. gr., eins og málsgreinin orðast nú, megnar ekki að hnika þeirri niðurstöðu, þótt ákvæðið sé vissulega afar víðtækt, og heldur ekki grunsemdir sóknaraðila um

að einstaklingar virði ekki heimasóttkví. Er því óhjákvæmilegt að fella úr gildi þá ákvörðun sóknaraðila að varnaraðila verði gert skylt að dveljast í sóttvarnahúsi samkvæmt reglugerð nr. 355/2021, enda verður talið að hann hafi með fullnægjandi hætti sýnt fram á að hann geti sjálfur fullnægt þeirri lagaskyldu sem á honum hvílir þess efnis að sæta sóttkví og ekki er um deilt í málinu. Eru þá ekki efni til að fjalla um hvort aðilum hafi verið mismunað í svokölluðu sóttvarnahúsi, um aðbúnað þar, eða málsmeðferð sóknaraðila.

Það athugist að hvað sem líður þessari niðurstöðu getur sóknaraðili ávallt gripið til aðgerða til bráðabirgða samkvæmt 2. málslíð, 2. mgr. 12. gr. laga nr. 19/1997, að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðinu og leiða af almennum reglum. Þá er með téðri niðurstöðu engin afstaða tekin til eftirlits með væntanlegri heimasóttkví varnaraðila eða skilyrðum til aðstæðna hans þar. Einnig verður að líta svo á að undir þeim kringumstæðum sem skapast hér, sé nauðsynlegt að farið verði yfir mál hvers og eins ferðamanns sem dvelst í sóttvarnahúsi, kjósi viðkomandi að freista þess að binda enda á dvöl sína þar. Þannig má vænta þess að kanna þurfi þá hvort viðkomandi búi við þær aðstæður sem greinir í skilgreiningu laganna um sóttvarnahús, sbr. framangreint, eða lýsi sig jafnvel andvígán því að sæta sóttkví, en þá verður ekki séð að hann geti krafist þess að breyting verði á dvalarstað hans eins og sakir standa.

IV.

Sakarefni málsins einskorðast við gildi áðurgreindrar stjórnvaldsákvörðunar og sætir málið sérstakri meðferð, sbr. 15. gr. a laga nr. 19/1997 eins og þeim var breytt með 13. gr. laga nr. 2/2021. Um aðrar kröfur verður því ekki fjallað í máli sem þessu.

Málskostnaður skal, samkvæmt 7. mgr. 15. gr. a í lögum nr. 19/1997, greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila sem er hæfilega ákveðin 250.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Tekið er tillit til þess að sami talsmaður gætir einnig hagsmuna annarra fjölskyldumeðlima varnaraðila í þremur öðrum samkynja málum sem lokið er í dag.

Málið fluttu lögmenningar Edda Andradóttir fyrir hönd sóknaraðila og Reimar Pétursson fyrir hönd varnaraðila.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ

Felld er úr gildi ákvörðun sóknaraðila, sóttvarnalæknis, um að varnaraðili, A, skuli dveljast í sóttkví í sóttvarnahúsi samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 355/2021 þar til niðurstaða úr seinni sýnatöku reynist neikvæð, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila, Reimars Péturssonar lögmanns, 250.000 krónur.